

KIRKJUGARÐARÁÐ

121. fundur haldinn 2. mars 2015 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Mætt voru Ragnhildur Benediktsdóttir, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason, Valtýr Valtýsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð. Indriði Valdimarsson sat fund í forföllum Smára Sigurðssonar.

1. Setning fundar

Fundur settur og fundargerð síðasta fundar lögð fram. Fundargerð samþykkt.

2. Endurnýjun á umboði kosinna fulltrúa í Kirkjugarðaráði

Kirkjugarðasambandið tilnefndi Þórstein Ragnarsson aðalfulltrúi og Jóhannes Pálmason varamaður. Samband ísl. sveitarfélaga. Valtýr Valtýsson aðalfulltrúi, Margrét Jónsdóttir varamaður.

3. Endurskoðun laga um kirkjugarða – farið var yfir ábendingar sem Kirkjugarðaráð óskar að koma á framfæri til nefndarinnar

Þórsteinn Ragnarsson fulltrúi ráðsins í nefndinni mun kynna þær fyrir nefndinni.

4. Þórsteinn Ragnarsson kynnir skýrslu sína í tengslum við vinnu nefndar um fjármál kirkjugarða o.fl.

Lögð fram til kynningar og óskað eftir að nefndarmenn komi skoðunum sínum á framfæri við fulltrúa sinni í nefndinni fyrir þriðjudaginn 10. mars.

5. Svarbréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna málefna Kirkjugarða Akureyrar

Guðmundi Rafni Sigurðssyni og Valtý Valtýssyni falið að koma með tillögu um endurskoðun við breytingu á 12. gr. viðmiðunarreglna Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kirkjugarðaráðs frá árinu 2007.

6. Reglur um umgengni og frágang grafreita í Skálholtskirkjugarði

Guðmundur Rafn kynnti reglur sem kirkjugarðastjórnin í Skálholti hafa samið um umgengni í Skálholtskirkjugarði.

7. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 20.apríl kl. 13:00.

8. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið kl. 15:50.

Ragnildur Benediksdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari